

GÓÐ AFKOMA Á ÞRÍÐJA ÁRSFJÓRÐUNGI 2014

- Rekstrartekjur voru 119,6 milljónir evra, jukust um 6,1 milljón evra eða 5,3% frá Q3 2013
- EBITDA nam 12,6 milljónum evra, hækkaði um 0,5 milljónir evra eða 4,2% frá Q3 2013
- Hagnaður eftir skatta var 7,5 milljónir evra, jókst um 2,4 milljónir evra eða 48,0% frá Q3 2013
- Flutningsmagn í áætlunarsiglingum á Norður-Atlantshafi jókst um 7,3% frá Q3 2013
- Flutningsmagn í frystiflutningsmiðlun jókst um 19,2% frá Q3 2013
- Eiginfjárlutfall var 64,0% og nettóskuldir námu 32,3 milljónum evra í lok september
- Áætluð rekstrarafkoma ársins 2014 er á bilinu 38 til 40 milljónir evra

Fjárhæðir í þúsundum evra

Rekstrarreikningur	Q3 2014	Q3 2013	Breyting	%	9M 2014	9M 2013	Breyting	%
Rekstrartekjur	119.583	113.524	6.059	5,3%	332.761	326.949	5.812	1,8%
Rekstrargjöld	106.949	101.405	5.544	5,5%	303.060	297.774	5.286	1,8%
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir - EBITDA	12.634	12.119	515	4,2%	29.701	29.175	526	1,8%
Afskriftir	(5.584)	(5.494)	(90)	(1,6%)	(17.143)	(15.656)	(1.487)	(9,5%)
Rekstrarhagnaður - EBIT	7.050	6.625	425	6,4%	12.558	13.519	(961)	(7,1%)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	1.192	(1.274)	2.466	-	422	(2.392)	2.814	117,6%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna	171	0	171	-	259	0	259	-
Hagnaður fyrir tekjuskatt	8.413	5.351	3.062	57,2%	13.239	11.127	2.112	19,0%
Tekjuskattur	(896)	(272)	(624)	(229,4%)	(1.922)	(1.478)	(444)	(30,0%)
Hagnaður tímabilsins	7.517	5.079	2.438	48,0%	11.317	9.649	1.668	17,3%
Leiðrétt fyrir einskiptisliðum:								
Tekjubreyting	5,3%	0,8%			1,8%	3,6%		
EBITDA / rekstrartekjur	10,6%	10,7%			8,9%	8,9%		
EBIT / rekstrartekjur	5,9%	5,8%			3,8%	4,1%		
Nettóskuldir / LTM EBITDA	0,86	0,86			0,86	0,86		
Efnahagsreikningur	30.09.2014	30.09.2013	Breyting	%	30.09.2014	31.12.2013	Breyting	%
Eignir	336.749	321.099	15.650	4,9%	336.749	314.365	22.384	7,1%
Fasta fjármunir	216.639	216.785	(146)	(0,1%)	216.639	216.096	543	0,3%
Veltu fjármunir	120.110	104.314	15.796	15,1%	120.110	98.269	21.841	22,2%
Eigið fé	215.659	205.077	10.582	5,2%	215.659	205.771	9.888	4,8%
Skuldir	121.090	116.022	5.068	4,4%	121.090	108.594	12.496	11,5%
Vaxtaberandi skuldir	66.448	60.540	5.908	9,8%	66.448	59.398	7.050	11,9%
Nettóskuldir	32.275	33.864	(1.589)	(4,7%)	32.275	33.028	(753)	(2,3%)
Efnislegar eignir / heildareignir	94,1%	93,6%			94,1%	93,5%		
Eiginfjárlutfall	64,0%	63,9%			64,0%	65,5%		
Sjóðstreymi	Q3 2014	Q3 2013	Breyting	%	9M 2014	9M 2013	Breyting	%
Handbært fé frá rekstri	4.968	7.420	(2.452)	(33,0%)	18.890	13.365	5.525	41,3%
Fjárfestingarhreyfingar	(5.153)	(7.090)	1.937	27,3%	(13.929)	(21.621)	7.692	35,6%
Fjármögnunarhreyfingar	8.483	(956)	9.439	-	1.536	(1.509)	3.045	-
Breyting á handbæru fé	8.298	(626)	8.924	-	6.497	(9.765)	16.262	-
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	1.057	(160)	1.217	-	1.306	(863)	2.169	-
Handbært fé í lok tímabils	34.173	26.676	7.497	28,1%	34.173	26.676	7.497	28,1%

GYLFI SIGFÚSSON FORSTJÓRI

„Þriðji ársfjórðungur 2014 er besti fjórðungur félagsins frá árinu 2009 hvað varðar rekstrartekjur, EBITDA og hagnað eftir skatta. Rekstrartekjur námu 119,6 milljónum evra samanborið við 113,5 milljónir evra á sama tímabili í fyrra og jukust um 5,3%. EBITDA nam 12,6 milljónum á þriðja ársfjórðungi og óx um 4,2% frá þriðja ársfjórðungi 2013. Bætt afkoma skýrist aðallega af auknu flutningsmagni til og frá landinu, einkum vegna flutninga á bifreiðum, byggingarvörum og makríl. Flutningsmagn til og frá Færeyjum hefur einnig aukist, einkum vegna aukinna flutninga á makríl og laxi. Vöxturinn skýrist einnig af auknu magni í frystiflutningsmiðlun og aukinni hagkvæmni í siglingakerfinu eftir breytingar á rauðu leiðinni og eftir að gráu leiðinni var bætt við á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Hagnaður eftir skatta nam 7,5 milljónum evra á fjórðungnum og jókst um 2,4 milljónir evra eða 48,0% frá þriðja ársfjórðungi 2013, einkum vegna gengisbreytinga.

Rekstrartekjur á fyrstu níu mánuðum ársins námu 332,8 milljónum evra og jukust um 1,8% frá fyrra ári. EBITDA nam 29,7 milljónum á tímabilinu samanborið við 29,2 milljónir evra á sama tímabili 2013. Flutningsmagn í kerfum félagsins á Norður-Atlantshafi á fyrstu níu mánuðum ársins jókst um 8,4% frá sama tímabili í fyrra og jukust tekjurnar um 2,6%. Magn í frystiflutningsmiðlun jókst um 12,6% frá sama tímabili í fyrra, einkum vegna svokallaðra "inbound" flutninga. Tekjur af flutningsmiðlun drógust saman um 0,4% á sama tíma en EBITDA af flutningsmiðlun jókst um 3,8%. "Inbound" þýðir að Eimskip annast tollafgreiðslu og flutning alla leið á svokölluðum "door-to-door" flutningum.

Gengið hefur verið frá samningum við kínversku skipasmíðastöðina Rongcheng Shenfei um að ljúka byggingu á Bakkafossi. Samningar náðust um viðbótarafslátt að fjárhæð 0,8 milljónir dollara þannig að samningsverð skipsins nemur 18,0 milljónum dollara. Áætlaður afhendingartími Bakkafoss er á fjórða ársfjórðungi 2015. Skuldbinding vegna skipsins nam 4,9 milljónum dollara í lok september.

Eimskip tilkynnti í nóvember ákvörðun um að ráðist verði í byggingu á 10 þúsund tonna frystigeymslu á athafnasvæði félagsins í Hafnarfirði. Veruleg aukning hefur orðið á veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski sem kallar á aukid pláss og þjónustu frystigeymslu. Auk þess fer eftirspurn eftir vöruhúsaþjónustu fyrir frystar neytendavörur vaxandi. Núverandi frystigeymsla Eimskips í Hafnarfirði, Fjarðarfrost, rúmar um þrjú þúsund tonn. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist fyrir lok ársins og að fyrsti áfangi nýju geymslunnar verði tekinn í notkun á síðari árshelmingi 2015. Mögulegt verður að stækka frystigeymsluaðstöðuna í Hafnarfirði í áföngum í allt að 27 þúsund tonn í samræmi við þarfir viðskiptavina. Áætlaður heildarkostnaður vegna þessarar nýju 10 þúsund tonna geymslu nemur 10 til 11 milljónum evra.

Enn ríkir óvissa á vinnumarkaði hér á landi þar sem almennir kjarasamningar gilda til loka febrúarmánaðar 2015. Eimskip hefur samið við áhafnir gámaskipa sinna og áhöfn Herjólfss og gilda þeir samningar til ársloka 2015.

Þann 1. janúar 2015 taka gildi nýjar reglur um takmörkun brennisteinsútblasturs frá skipum á tilteknum svæðum (Emission Control Areas, ECA). Með reglunum er skipafélögum gert skylt að nota olíu sem hefur brennisteinsinnihald að hámarki 0,1%, en hámarkið er nú 1,0%. Tildrög reglugerðarinnar eru samþykktir Sameinuðu þjóðanna um umhverfissvænni sjóflutninga sem framfylgt er af Alþjóðasiglingamálastofnuninni (International Maritime Organization). Reglurnar munu hafa áhrif á allar siglingaleiðir Eimskips og munu óhjákvæmilega leiða til hækkunar á olíukostnaði félagsins. Áætlað er að kostnaðarhækkunin nemi 8,5 milljónum dollara á ársgrundvelli miðað við núgildandi markaðsverð á olíu. Flutningafyrirtæki víða um heim eru um þessar mundir að kynna til sögunnar nýtt olíuálag til viðskiptavina sinna vegna þessara reglubreytinga. Eimskip hefur þegar tilkynnt um nýtt olíuálag félagsins, svokallað LSS (Low Sulphur Surcharge). Nýja olíuálaginu er ætlað að bæta fyrirtækinu upp þennan aukna olíukostnað. Eimskip leggur metnað sinn í að vera í fararbroddi sem þjónustufyrirtæki í flutningum á Norður-Atlantshafi og er það bæði skylda og ásetningur félagsins að sýna ábyrgð í þessum málaflokki og þróast í takti við kröfur umheimsins í umhverfismálum.

Varðandi rannsókn Samkeppniseftirlitsins þá hefur Eimskip engar frekari upplýsingar um hana en þær sem þegar hafa verið birtar og félagið hafnar með öllu ásökunum um brot á samkeppnislögum. Rannsóknin, leki rannsóknargagna til fjölmiðla og fréttaflutningur RÚV hafa skaðað ímynd Eimskips og valdið hluthöfum félagsins tjóni.

Eimskip vinnur áfram að því að leita tækifæra til að fjárfesta í takt við þá stefnu félagsins að vera leiðandi flutningafélag á Norður-Atlantshafi, með það að markmiði að vaxa og styrkja stöðu sína á mörkuðum utan Íslands. Unnið hefur verið að undirbúningi tvíhliða skráningar á hlutabréfum félagsins í tengslum við möguleg fjárfestingarverkefni og viðræður eru enn í gangi við Seðlabanka Íslands um tvíhliða skráningu. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins, leki trúnaðarupplýsinga rannsóknarinnar til fjölmiðla og umfjöllun RÚV um rannsóknina hafa sett strik í reikninginn varðandi framgang tvíhliða skráningar bréfa félagsins á hlutabréfamarkað erlendis.

Ákveðið hefur verið að þrengja afkomuspá félagsins fyrir árið 2014 úr EBITDA að fjárhæð 37 til 41 milljón evra í 38 til 40 milljónir evra.“

REKSTUR ÞRIÐJA ÁRSFJÓRÐUNGS

Þriðji ársfjórðungur var besti fjórðungur félagsins frá árinu 2009 hvað varðar rekstrartekjur, EBITDA og hagnað eftir skatta. Rekstrartekjur þriðja ársfjórðungs námu 119,6 milljónum evra samanboreð við 113,5 milljónir evra á sama tímabili 2013 og jukust um 5,3% á milli ára. Tekjur af áætlunarsiglingum á þriðja ársfjórðungi námu 87,3 milljónum evra og jukust um 3,2% á milli ára. Nam heildaraukningin í magni í áætlunarsiglingum félagsins 7,3% á milli ára og skýrist einkum af auknum flutningum á bifreiðum, byggingarvörum og makríl til og frá Íslandi og auknum flutningum tengdum Færeyjum, einkum á neysluvörum, makríl og laxi. Tekjur af flutningsmiðlun námu 32,3 milljónum evra og jukust um 11,5% frá þriðja ársfjórðungi 2013. Magn í frystiflutningsmiðlun jókst um 19,2% á milli ára, einkum vegna aukinna flutninga innan Asíu með styttri flutningaleiðum og vegna aukinna viðskipta við móttakanda vöru þar sem Eimskip annast tollafgreiðslu og flutning gáma alla leið, þ.e. “door-to-door” flutningar. Rekstrargjöld námu 106,9 milljónum evra samanboreð við 101,4 milljónir evra á þriðja ársfjórðungi síðasta árs og jukust um 5,5%. Rekstrarkostnaður lækkaði meðal annars með breytingum á siglingakerfi félagsins í febrúar þegar dregið var úr afkastagetu rauðu leiðarinnar með fækkun úr tveim skipum í eitt skip með því að færa Reykjafoss á grænu leiðina og bæta við nýrri siglingaleið, gráu leiðinni, með minna skipi en Reykjafossi.

Óreglulegir liðir tengdir öflun mögulegra fjárfestingarverkefna, undirbúningi tvíhliða skráningar og ráðgjafarkostnaði vegna rannsóknar samkeppnisyfirvalda, alls að fjárhæð 0,2 milljónir evra, höfðu áhrif á afkomu fjórðungsins.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA, nam 12,6 milljónum evra á þriðja ársfjórðungi samanboreð við 12,1 milljón evra á sama tímabili 2013 og jókst um 4,2%. EBITDA hlutfall var 10,6% samanboreð við 10,7% EBITDA hlutfall á þriðja ársfjórðungi 2013.

Afskriftir tímabilsins námu 5,6 milljónum evra en voru 5,5 milljónir evra á þriðja ársfjórðungi 2013.

Rekstrarhagnaður, EBIT, nam 7,1 milljón evra samanboreð við 6,6 milljóna evra rekstrarhagnað á þriðja ársfjórðungi 2013. EBIT hlutfallið nam 5,9% samanboreð við 5,8% á sama tímabili í fyrra.

Nettó fjármunatekjur námu 1,2 milljónum evra á fjórðungnum samanboreð við nettó fjármagnsgjöld að fjárhæð 1,3 milljónir evra á þriðja ársfjórðungi síðasta árs. Skýrist breytingin einkum af 1,9 milljóna evra gengishagnaði í ár samanboreð við 0,7 milljóna evra gengistap á þriðja ársfjórðungi í fyrra. Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagana nam 0,2 milljónum evra á fjórðungnum.

Hagnaður fyrir tekjuskatt nam 8,4 milljónum evra á fjórðungnum samanboreð við 5,4 milljóna evra hagnað á þriðja ársfjórðungi 2013 og jókst um 3,0 milljónir evra eða 57,2%.

Gjaldfærðir skattar námu 0,9 milljónum evra á þriðja ársfjórðungi samanboreð við 0,3 milljónir evra á sama tímabili 2013. Virkt skatthlutfall var 10,7% á þriðja ársfjórðungi 2014 samanboreð við 5,1% á sama ársfjórðungi í fyrra og stafar mismunurinn einkum af því að skattalegt tap af einu dótturfélaga Eimskips var ekki eignfært að fullu á þriðja ársfjórðungi 2013.

Hagnaður fjórðungsins eftir skatta nam 7,5 milljónum evra á samanboreð við 5,1 milljóna evra hagnað á sama tímabili í fyrra og jókst um 2,4 milljónir evra eða 48,0%.

REKSTUR FYRSTU NÍU MÁNAÐA ÁRSINS

- **Rekstrartekjur voru 332,8 milljónir evra, jukust um 5,8 milljónir evra eða 1,8% á milli ára**
- **EBITDA var 29,7 milljónir evra, jókst um 0,5 milljónir evra eða 1,8% á milli ára**
- **Hagnaður eftir skatta var 11,3 milljónir evra, jókst um 1,7 milljónir evra eða 17,3% á milli ára**
- **Flutningsmagn í áætlunarsiglingum á Norður-Atlantshafi jókst um 8,4% á milli ára**
- **Flutningsmagn í frystiflutningsmiðlun jókst um 12,6% á milli ára**

Rekstrartekjur Eimskips fyrstu níu mánuði ársins námu 332,8 milljónum evra samanborið við 326,9 milljónir evra á sama tímabili í fyrra. Tekjur af áætlunarsiglingum þessa fyrstu níu mánuði ársins námu 246,1 milljón evra og jukust um 2,6% frá fyrra ári. Heildaraukning í magni áætlunarsiglinga nam 8,4% frá sama tímabili í fyrra og skýrist einkum af auknum flutningum til Íslands og til og frá Færeyjum. Tekjur af flutningsmiðlun námu 86,6 milljónum evra og drógust saman um 0,4% frá fyrstu níu mánuðum fyrra árs, einkum vegna breyttrar samsetningar á flutningum þar sem vöxtur var á styttri leggjum og aukin viðskipti við móttakanda vöru þar sem Eimskip annast tollafgreiðslu og flutning vörunnar alla leið. Þrátt fyrir samdrátt í tekjum af flutningsmiðlun hækkaði EBITDA af flutningsmiðlun um 3,8% frá sama tímabili í fyrra. Flutt magn í frystiflutningsmiðlun jókst á sama tíma um 12,6%.

EBITDA nam 29,7 milljónum evra samanborið við 29,2 milljónir evra fyrir fyrstu níu mánuði fyrra árs og var EBITDA hlutfallið 8,9% bæði árin. Bætt EBITDA á öðrum og þriðja ársfjórðungi bætti upp lélega afkomu á fyrsta ársfjórðungi þessa árs, en fyrsti ársfjórðungur var erfiður vegna óhagstæðra veðurskilyrða og dýrara siglingakerfis en á fyrra ári.

Óreglulegir liðir tengdir öflun mögulegra fjárfestingarverkefna, undirbúningi tvíhliða skráningar og ráðgjafarkostnaði vegna rannsóknar samkeppnisyrivalda, alls að fjárhæð 0,4 milljónir evra, höfðu áhrif á afkomu tímabilsins.

Afskriftir tímabilsins námu 17,1 milljón evra samanborið við 15,7 milljónir evra fyrstu níu mánuði síðasta árs. Hækkunin stafar af viðbótum og endurnýjun á gámum og öðrum tækjabúnaði og sveiflum í eignfærðum endurbótum skipa.

Rekstrarhagnaður fyrir fyrstu níu mánuði ársins, EBIT, nam 12,6 milljónum evra og lækkaði úr 13,5 milljónum evra á sama tímabili í fyrra, eða um 7,1%.

Nettó fjármunatekjur tímabilsins námu 0,4 milljónum evra samanborið við 2,4 milljóna evra nettó fjármagnsgjöld á fyrstu níu mánuðum 2013. Breytingin á milli ára skýrist aðallega af 2,2 milljóna evra gengishagnaði í ár samanborið við 0,7 milljóna evra gengishagnað í fyrra. Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagá nam 0,3 milljónum evra.

Hagnaður fyrir tekjuskatt nam 13,2 milljónum evra samanborið við 11,1 milljón evra fyrir sama tímabil í fyrra og jókst um 2,1 milljón evra eða 19,0%.

Gjaldfærðir skattar tímabilsins námu 1,9 milljónum evra samanborið við 1,5 milljónir evra fyrir sama tímabil 2013. Virkt skatthlutfall var 14,5% fyrir fyrstu níu mánuðina 2014 samanborið við 13,3% fyrir sama tímabil 2013.


Hagnaður eftir skatta fyrstu níu mánuði ársins nam 11,3 milljónum evra samanborið við 9,6 milljónir evra fyrir sama tímabil í fyrra og jókst um 1,7 milljónir eða 17,3%.

Rekstur félagsins hefur verið stöðugur undanfarin ár eins og sjá má á eftirfarandi myndum, en þær sýna hvernig rekstrartekjur og rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA, skiptast á ársfjórðunga á árunum 2010 til 2014.

Á myndunum hafa rekstrartekjur og EBITDA verið leiðrétt fyrir einskisliðum á árunum 2011 og 2012. Rekstrartekjur og EBITDA á fyrsta ársfjórðungi 2011 hafa verið lækkaðar um 6,4 milljónir evra vegna innheimtu á áður afskrifaðri kröfu. EBITDA hefur hins vegar verið hækkuð um 0,7 milljónir evra á öðrum

ársfjórðungi 2011 vegna strands Goðafoss og um 0,7 milljónir evra á þriðja ársfjórðungi 2012 vegna kostnaðar við skráningu félagsins. Að lokum var EBITDA á fjórða ársfjórðungi 2012 hækkuð um alls 3,9 milljónir evra, þar af um 1,0 milljón evra vegna skráningar félagsins og um 2,9 milljónir evra vegna kostnaðar við kauprétti sem fallið var frá.

Í milljónum evra



Miklar breytingar voru gerðar á siglingakerfi félagsins í mars 2013 sem juku afkastagetu þess og í febrúar 2014 var ráðist í aðlögun á kerfinu, meðal annars vegna þess að slæm veðurskilyrði til siglinga settu áætlunarkerfið úr skorðum. Bætt var við nýrri siglingaleið, gráu leiðinni, á milli Færeya og Skotlands til að auka sveigjanleika kerfisins og áreiðanleika þjónustunnar við viðskiptavini.

Eftir afhendingu Lagarfoss er félagið með 16 skip í rekstri, þar af tólf eigin skip og fjögur leiguskip. Tólf skipanna eru í áætlunarsiglingum, tvö eru í "spot" þjónustu, eitt er í stórflutningum og eitt er ferja.

EFNAHAGUR

- Heildareignir í lok september námu 336,7 milljónum evra
- Eiginfjárhlutfall var 64,0%
- Vaxtaberandi skuldir námu 66,4 milljónum evra
- Nettóskuldir námu 32,3 milljónum evra

Heildareignir Eimskips námu 336,7 milljónum evra þann 30. september 2014. Til samanburðar námu heildareignir 321,1 milljón evra í lok þriðja ársfjórðungs 2013 og 314,4 milljónum evra í árslok 2013.

Fastafjármunir námu 216,6 milljónum evra í lok september samanborið við 216,8 milljónir evra í lok september 2013 og 216,1 milljón evra í árslok 2013. Nettó fjárfestingar í rekstrarfjármunum námu 15,6 milljónum evra fyrstu níu mánuði ársins, en þar af námu fjárfestingar í nýjum skipum 3,6 milljónum evra. Sambærilegar tölur fyrir síðasta ár voru nettó fjárfestingar að fjárhæð 22,6 milljónir evra og þar af 8,1 milljón evra vegna nýrra skipa.

Veltufjármunir félagsins námu 120,1 milljón evra í lok september samanborið við 104,3 milljónir evra í lok september 2013 og 98,3 milljónir evra í árslok 2013. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur hækkuðu verulega frá lokum september 2013 og árslokum 2013 vegna árstíðasveiflna, aukinnar sölu á þriðja ársfjórðungi 2014 og gengismunar. Handbært fé nam 34,2 milljónum evra í lok þriðja ársfjórðungs samanborið við 26,7 milljónir evra í lok september 2013 og 26,4 milljónir evra í lok ársins.

Eigið fé nam 215,7 milljónum evra í lok þriðja ársfjórðungs og var eiginfjárhlutfallið 64,0%. Arður að fjárhæð 3,1 milljón evra var greiddur hluthöfum í lok apríl. Til samanburðar var eigið fé 205,1 milljón evra í lok september 2013 og eiginfjárhlutfallið 63,9% og 205,8 milljónir evra í árslok og eiginfjárhlutfallið 65,5%.

Vaxtaberandi skuldir námu 66,4 milljónum evra í lok september samanborið við 60,5 milljónir evra í lok september 2013 og 59,4 milljónir evra í árslok 2013. Breytingin á vaxtaberandi skuldum í ár stafar einkum af nýju 10,3 milljónum evra langtímaláni sem tengist fjármögnun á Lagarfossi.

Nettóskuldir námu 32,3 milljónum evra í lok september samanborið við 33,9 milljónir evra í lok þriðja ársfjórðungs 2013 og 33,0 milljónir evra í árslok 2013.

SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

- **Handbært fé frá rekstri nam 18,9 milljónum evra**
- **Nettó fjárfestingarhreyfingar námu 13,9 milljónum evra**
- **Handbært fé var 34,2 milljónir evra í lok september**

Handbært fé frá rekstri nam 18,9 milljónum evra fyrstu níu mánuði ársins samanborið við 13,4 milljóna evra handbært fé frá rekstri á sama tímabili 2013.

Nettó fjárfestingarhreyfingar námu 13,9 milljónum evra fyrstu níu mánuði ársins samanborið við 21,6 milljóna evra nettó fjárfestingarhreyfingar á sama tímabili 2013. Heildarfjárfestingar í rekstrarfjármunum námu 16,4 milljónum evra á tímabilinu, en þar af voru fjárfestingar fyrir 1,7 milljónir evra sem ekki hafði áhrif á sjóðstreymi. Til samanburðar námu heildarfjárfestingar 23,5 milljónum evra á fyrri hluta 2013, en fjárfestingar í skipum námu þá 8,1 milljón evra samanborið við 3,6 milljónir evra á sama tímabili í ár.

Nettó innstreymi fjármagns vegna fjármögnunarhreyfinga á fyrstu níu mánuðum ársins nam 1,5 milljónum evra samanborið við nettó útstreymi fjármagns vegna fjármögnunarhreyfinga að fjárhæð 1,5 milljónir evra á sama tímabili 2013.

Sjóðsflæði var jákvætt um 6,5 milljónir evra samanborið við neikvætt sjóðsflæði að fjárhæð 9,8 milljónir evra fyrstu níu mánuði 2013. Handbært fé í lok september 2014 nam 34,2 milljónum evra samanborið við 26,7 milljóna evra handbært fé í lok september í fyrra.

ÁÆTLUÐ AFKOMA ÁRSINS 2014

Ákveðið hefur verið að þrengja áður útgefna afkomuspá félagsins fyrir árið 2014 úr EBITDA að fjárhæð 37 til 41 milljón evra í 38 til 40 milljónir evra. Áætlunin felur ekki í sér væntingar um ytri vöxt.

HLUTHAFAR

- **Verð hlutabréfa í Eimskip hefur hækkað um 9,1% frá skráningu félagsins**
- **Markaðsvirði félagsins var 42,4 milljarðar króna þann 19. nóvember 2014**

Viðskipti með bréf Eimskips hófust á NASDAQ OMX Iceland þann 16. nóvember 2012. Útboðsgengi var 208,00 kr. á hlut og var lokaverð í árslok 2012 230,00 kr. á hlut. Á árinu 2013 fór lokaverð hæst í 281,00 kr. á hlut og lægst í 221,00 kr. á hlut og var meðaltalslokaverð ársins 255,05 á hlut. Lokaverð á hlut í árslok 2013 var 262,00 kr.

Það sem af er þessu ári hefur lokaverð lægst farið í 218,50 kr. á hlut og hæst í 268,50 kr. á hlut og var meðaltalslokaverð tímabilsins 234,69 kr. á hlut. Lokaverð þann 19. nóvember 2014 var 227,00 kr. á hlut sem jafngildir 9,1% hækkun frá útboðsgengi við skráningu félagsins. Markaðsvirði félagsins þann 19. nóvember 2014 var 42,4 milljarðar króna sem jafngildir 274,0 milljónum evra.

Fjöldi útgefna hluta er 200.000.000 og er fjöldi útistandandi hluta 186.639.230. Fjöldi hluthafa þann 19. nóvember 2014 var 1.107. Félagið á 13.360.770 eigin hluti, en þeim hefur fjölgað um 7.441.950 hluti eða 125,7% samanborið við sama tíma í fyrra.

LYKILSTÆRÐIR ÁRSFJÓRÐUNGA

Fjárhæðir í þúsundum evra

Rekstrarreikningur	Q3 2014	Q2 2014	Q1 2014	Q4 2013	Q3 2013
Rekstrartekjur	119.583	108.978	104.200	106.875	113.524
Rekstrargjöld	106.949	97.929	98.182	98.996	101.405
EBITDA	12.634	11.049	6.018	7.879	12.119
EBIT	7.050	5.146	362	2.392	6.625
Hagnaður (tap) tímabilsins	7.517	4.593	(793)	1.168	5.079
EBITDA / rekstrartekjur	10,6%	10,1%	5,8%	7,4%	10,7%
EBIT / rekstrartekjur	5,9%	4,7%	0,3%	2,2%	5,8%
Efnahagsreikningur	30.09.2014	30.06.2014	31.03.2014	31.12.2013	30.09.2013
Eignir	336.749	315.897	314.772	314.365	321.099
Eigið fé	215.659	206.588	202.124	205.771	205.077
Skuldir	121.090	109.309	112.648	108.594	116.022
Vaxtaberandi skuldir	66.448	56.841	57.990	59.398	60.540
Nettóskuldir	32.275	32.023	30.503	33.028	33.864
Eiginfjárhlutfall	64,0%	65,4%	64,2%	65,5%	63,9%
Sjóðstreymi	Q3 2014	Q2 2014	Q1 2014	Q4 2013	Q3 2013
Handbært frá rekstri	4.968	8.225	5.697	7.172	7.420
Fjárfestingarhreyfingar	(5.153)	(5.952)	(2.824)	(4.980)	(7.090)
Fjármögnunarahreyfingar	8.483	(5.103)	(1.844)	(2.049)	(956)
Handbært fé í lok tímabils	34.173	24.818	27.487	26.370	26.676

RANNSÓKN SAMKEPPNISEFTIRLITSINS

Hvað rannsókn Samkeppniseftirlitsins varðar þá hefur Eimskip engar frekari upplýsingar um hana en þær sem þegar hafa verið birtar. Félagið hafnar með öllu ásökunum um brot á samkeppnislögum. Umfjöllun Kastljóss RÚV sem byggði á upplýsingum sem þangað var lekið veitir engar frekari upplýsingar um grundvöll rannsóknar Samkeppniseftirlitsins. Í umfjölluninni er m.a. vísað til tölvupósta og innanhússvinnuskjala sem eru bæði rangtúlkuð og slitin úr samhengi. Félagið hefur yfirlitað þessa umfjöllun og er þeirrar skoðunar að hún varpi ekki ljósi á grundvöll rannsóknarinnar. Félagið hefur enga ástæðu til að ætla að RÚV búi yfir frekari upplýsingum um rannsóknina. Samkvæmt þeim takmörkuðu upplýsingum sem félagið hefur um rannsóknina hefur Samkeppniseftirlitið til rannsóknar landflutningamarkaðinn, farmflutninga með reglubundnum áætlunarsiglingum og markað fyrir flutningsmiðlun. Þessir markaðir eru helstu markaðirnir sem félagið starfar á.

Frá árinu 2009 hefur Samkeppniseftirlitið haft landflutningamarkaðinn til rannsóknar, en sú rannsókn var sameinuð nýju rannsókninni í september 2013. Samkvæmt þeim takmörkuðu gögnum sem félagið hefur fengið afhent frá Samkeppniseftirlitinu virðist Samkeppniseftirlitið telja að hin ætluðu brot gegn 10. gr. samkeppnislaga snúi að samráði keppnauta, m.a. um verð, gerð tilboða og skiptingu markaða eftir viðskiptavinum og/eða landssvæðum. Hvað varðar ætluð brot gegn 11. gr. samkeppnislaga virðast þau snúa að meintri misnotkun á ætlaðri markaðsráðandi stöðu. Félagið er ekki í stöðu til þess að leggja mat á hvort þessi gögn afmarka rannsóknina að fullu eða hvort rannsóknin nái og/eða muni ná til fleiri þátta. Brot gegn ákvæðum 10. og 11. gr. samkeppnislaga getur varðað stjórnvaldssektum fyrir hlutaðeigandi fyrirtæki, sem geta numið að hámarki 10% af heildarveltu síðasta rekstrarárs skv. 37. gr. laganna. Brot gegn 10. gr. geta einnig varðað við refsíabyrgð einstaklinga.

Félagið hefur með bréfi til Sérstaks saksóknara annars vegar og Samkeppniseftirlitsins hins vegar krafist aðgangs að þeim gögnum sem lekið var. Sérstakur saksóknari hefur formlega hafnað beiðninni með vísan til ákvæða laga um meðferð sakamála með þeim rökum að réttur til afhendingar gagna verði ekki virkur fyrr en kærður maður eða lögaðili verður sakborningur í skilningi laganna. Félagið getur því ekki aðhafst frekar gagnvart Sérstökum saksóknara. Samkeppniseftirlitið hefur formlega hafnað beiðni félagsins um aðgang að þeim gögnum sem lekið var með þeim rökum að umrædd gögn, kærán og fylgiskjöl, séu undanþegin upplýsingarétti í málinu. Félagið hefur kært þessa ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

UM EIMSKIP

Eimskip rekur 51 starfsstöð í 19 löndum og er með 16 skip í rekstri. Félagið hefur á að skipa um 1.400 starfsmönnum, þar af 800 á Íslandi. Um helmingur tekna félagsins kemur frá starfsemi utan Íslands. Stefna félagsins er að veita framúrskarandi flutningaþjónustu á Norður-Atlantshafi ásamt því að bjóða víðtæka og öfluga þjónustu í alþjóðlegri frystiflutningsmiðlun.

KYNNINGARFUNDUR 21. NÓVEMBER 2014

Kynningarfundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila verður haldinn föstudaginn 21. nóvember 2014 í höfuðstöðvum félagsins að Korngörðum 2 í Reykjavík og hefst hann kl. 8:30. Gylfi Sigfússon forstjóri og Hilmar Pétur Valgarðsson, framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnunarsviðs, munu kynna uppgjör félagsins fyrir þriðja ársfjórðung og fyrstu níu mánuði ársins 2014. Hægt verður að nálgast kynningarefni fundarins að honum loknum á fjárfestasíðu félagsins, www.eimskip.is/investors, og í fréttakerfi Nasdaq Nordic.

SAMÞYKKI STJÓRNAR

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf. samþykkti kannaðan árshlutareikning samstæðu Eimskips fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2014 á stjórnarfundi þann 20. nóvember 2014.

FJÁRHAGSDAGATAL

- Uppgjör fjórða ársfjórðungs 2014 verður birt 26. febrúar 2015
- Aðalfundur verður haldinn 26. mars 2015

FREKARI UPPLÝSINGAR

- Gylfi Sigfússon forstjóri, sími: 525 7202
- Hilmar Pétur Valgarðsson, framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnunarsviðs, sími: 525 7202
- Erna Eiríksdóttir, forstöðumaður fjárfestatengsla, sími: 825 7220, netfang: investors@eimskip.is.

TIL ATHUGUNAR FYRIR FJÁRFESTA

Eimskip vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar fréttatilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.